

Fimmtudagurinn 18. september 1997 kl. 10:00

99. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 35/1997

Erindi Árs-sólar vegna rekstrar sólbaðslampa hjá Sundlaug Húsavíkur

I.

Erindið

Þann 10. júlí sl. barst erindi frá sólbaðsstofunni Árs-sól á Húsavík vegna rekstrar sólbekkja hjá Sundlaug Húsavíkur. Í erindinu kemur fram að innifalið í verði ljósátíma hjá sundlaug Húsavíkur sé aðgangur að sundlaug, heitum pottum og gufubaði. Einnig kemur fram í erindi Árs-sólar að rekstur ljósalampa sé ekki fjárhagslega aðskilin öðrum rekstri sundlaugar Húsavíkur.

Í erindinu er óskað eftir því að Samkeppnisstofnun kanni hvort ofangreind háttsemi brjóti í bága við samkeppnislög.

II.

Málsmeðferð

1.

Kvörtun Árs-sólar var send Húsavíkurbæ til umsagnar. Svar barst frá bænum með bréfi, dags. 13. ágúst sl. Í svari Húsavíkurbæjar segir m.a.: „Í Sundlaug Húsavíkur eru tveir sólarlampar. Lamparnir eru eign fyrirtækis í Reykjavík. Samningur er á milli eiganda og sundlaugar um staðsetningu bekkjanna í sundlauginni. Eigandi lampanna sér um allan rekstur og viðhald lampanna þar með talin peruskipti. Eigandi lampanna ákveður verðlagningu á notkun lampanna. Sundlaugin leggur fram húsnæði, rafmagn og hita, þrif og afgreiðslu viðskiptavina. Eigandi lampanna tekur til sín 55% af andvirði hvers miða í sólbekkina. Prósentan er reiknuð af fullu verði miða, sem í dag er kr. 480,- fyrir hvern tíma í bekknum, afganginn fær Sundlaugin fyrir sína þjónustu.

Sú venja hefur skapast að þeir sem kaupa sig inn í ljósabekk þurfa ekki að greiða sérstaklega fyrir afnot af sundlaug.“

Í bréfinu kemur einnig fram að allar tekjur af ljósalömpunum séu færðar á sérstakan bókhaldsreikning og ekkert annað sé fært á þann reikning. Á sama hátt sé farið með bókhaldsreikning yfir tekjur eiganda bekkjanna. Mismunur á stöðu þessara tveggja reikninga um áramót sýna brúttó tekjur Sundlaugarinnar af umræddum sólbekkjum. Jafnframt kemur fram í bréfinu að verðlagning þjónustunnar sé svipuð og hjá Árs-sól.

Síðan segir í bréfi Húsavíkurbæjar: „*Verið er að endurskoða fyrirkomulag sólbekkjathjónustunnar. Meðal þess sem verið er að skoða, er að þjónustan verði áfram í höndum einkaaðila, að undangengnu útboði. Að tekjur og gjöld verði áfram aðskilin frá tekjum og gjöldum laugarinnar og afnumin verði sú hefð að sólbekkjagestir geti notað sundlaug án endurgjalds.*“

2.

Árs-sól fékk bréf Húsavíkurbæjar til umsagnar. Með bréfi frá 26. ágúst sl. er ítrekað það sem fram kemur í upphaflegu erindi.

III.

Lagaumhverfi

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Markmiðinu skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga þar sem fjallað er um fjárhagslegan aðskilnað segir: „*Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.*“

Í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er íhlutunarheimild fyrir samkeppnisyfirvöld, en þar segir: „*Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:*

- a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,*
- b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluáætta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum,*
- c. óhæfilegri notkun á kaupbæti. "*

III.

Niðurstöður

1.

Kjarni erindis Árs-sólar er að Húsavíkurbær greiði niður þá starfsemi sem rekin er í samkeppni við Árs-sól með því að bjóða þeim sem greiða fyrir samkeppnisþjónustuna ókeypis aðgang að annarri þjónustu sem Sundlaug Húsavíkur veitir.

2.

Fram kemur í svari Húsavíkurkaupstaðar að allar tekjur fyrir afnot af ljósalömpunum hafi verið færðar á sérstakan reikning í bókhaldi bæjarins og eins sé farið með greiðslur til eiganda ljósalampanna. Einnig kemur fram að ekki sé um undirverðlagningu að ræða því að stakur ljósatími og 10 tíma kort kosti svipað hjá Sundlaug Húsavíkur og Árs-sól. Jafnframt kemur fram að bærinn sé að endurskoða fyrirkomulag sólbekkjapjónustunnar, m.a. að bekkirnir verði áfram í eigu einkaaðila, að undangengnu útboði og afnumin verði sú hefð að sólbekkjagestir geti notað sundlaug án endurgjalds.

3.

Í gögnum málsins kemur fram að tími í ljósabekk hjá Sundlaug Húsavíkur kostar 480 kr. og innifalið í því er aðgangur að sundlaug, heitum pottum og gufubaði. Af þessum 480 kr. fær Sundlaugin 45% eða 216 kr. Sundlaugin þarf að greiða af þessum 216 kr. 24,5% virðisaukaskatt eða 43 kr. Eftir stendur 173 kr. Stakur tími í Sundlaug Húsavíkur kostar 170 kr. Ljóst er af ofangreindu að

Sundlaug Húsavíkur fær ekki nema 3 kr. í viðbótartekjur fyrir þá viðskiptavinum sem fara í stakan tíma í ljósalampa þrátt fyrir meiri tilkostnað t.d. rafmagn og hreinlætisvörur.

Það er einnig hægt að kaupa 10 tíma ljósakort hjá Sundlaug Húsavíkur og kostar þá tíminn 400 kr. Eigandi ljósabekkjanna fær 55% af tekjum miðað við fullt verð eða 480 kr. Hlutur Sundlaugar Húsavíkur af hverjum ljósatíma er því 109 kr. Þegar búið er að draga frá VSK. Ef farið er bæði í ljós og sund þá er Sundlaug Húsavíkur að greiða niður sunnið um 41 kr. (170-109).

Á árinu 1996 voru heildartekjur Sundlaugar Húsavíkur af ljósalömpum 1.184 þúsund kr. Þar af var greiðsla til eiganda lampanna kr. 837 þúsund. Brúttótekjur Sundlaugarinnar voru því 347 þúsund kr. eða 29% af heildartekjunum.

Þeir viðskiptavinir Sundlaugar Húsavíkur sem fara bæði í stakan ljósatíma og sund eru í raun að fá ljósatímann á 310 kr. (480-170). Með slíkri háttsemi er Húsavíkurbær að niðurgreiða samkeppnisrekstur. Hinsvegar er ljóst að þeir viðskiptavinir Sundlaugar Húsavíkur sem fara bara í ljós eru að greiða það sama og gerist á hinum almenna markaði, bæði í Húsavík og Reykjavík (samkvæmt athugun Samkeppnisstofnunar á verði á sólbaðsstofum). Ef Sundlaug Húsavíkur léti greiða sérstaklega fyrir aðgang að sundlaug þegar keyptur er ljósatími myndi það leiðrétta þann samkeppnislega mismun.

Sérstakur bókhaldslykill er fyrir tekjur af sólarlömpum og einnig er sérstakur bókhaldslykill fyrir greiðslur til eiganda bekkjanna. Mismunur þessara tveggja lykla eru tekjur sundlaugarinnar. Heildartekjur af ljósalömpum hafa verið innan við 1,5 m.kr.

Með tilliti til umfangs framangreinds rekstrar, og með hliðsjón af því að 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga er heimildarákvæði, telur samkeppnisráð ekki, að svo stöddu, tilefni til að beita íþyngjandi ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga gagnvart Sundlaug Húsavíkur. Verður í þessu sambandi einnig að horfa til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

4.

Sá markaður sem við á í því máli sem hér er til umfjöllunar er almenni markaðurinn fyrir þjónustu ljósabekkja. Landfræðilegi markaðurinn er Húsavíkurkaupstaður.

Að mati samkeppnisráðs getur sú háttsemi Húsavíkurbæjar að verðleggja samkeppnisþjónustu þá sem hér um ræðir með þeim hætti sem að framan hefur verið rakið varðað við b. lið 17. gr. samkeppnislaga. Getur það flokkast undir skaðlega undirverðlagningu sem getur leitt til þess að keppinautar útilokist frá markaðnum. Með því myndi valkostum viðskiptavina fækka. Með vísan til þess að Sundlaug Húsavíkur hefur nú til endurskoðunar það form sem gilt hefur um rekstur ljósabekkja og samtvinnun rekstrarins við aðra þjónustu sundlaugarinnar telur samkeppnisráð ekki tilefni til að grípa til bindandi íhlutunar að svo stöddu. Ráðið beinir hins vegar þeim tilmælum til Sundlaugar Húsavíkur að hraða endurskoðun á sólbekkjapjónustunni með það að markmiði að verðlagning hennar standi undir öllum kostnaði sem henni tengist bæði beinum og óbeinum, föstum og breytilegum.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til íhlutunar í máli þessu að svo komnu máli.“